



# Vegagerð á Hellisheiði

Verkið - **Vegagerð á Hellisheiði** - felst í breikkun Hringvegar á 14,8 km kafla um Hellisheiði, frá Hamargilsvegamótum að hringtorgi við Hveragerði og gerð 1,8 km langs vegar, Skíðaskálavegar, frá Hamragilsvegi að skíðaskála í Hveradölum. Innifalið í verkinu er lögn fernra undirganga úr stálplötum á Hringvegi og steypdur stokkur yfir lagnir Orkuveitu Reykjavíkur á Skíðaskálavegi.; Vegurinn verður að framkvæmdum loknum 2+1 vegur yfir heiðina, 2+2 vegur í Kömbunum eða fjórar akreinar. Vegurinn verður með aðskildum akstursreinum alla leið, með miðjuvegriði.

## Helstu magntölur:

- Fyllingar: 150.000 m<sup>3</sup>
- Burðarlög: 41.000 m<sup>3</sup>
- Sementfest burðarlag: 110.000 fermetrar
- Stungumalbik: 172.000 fermetrar
- Tvöföld klæðning: 13.000 fermetrar
- Frágangur fláa: 200.000 fermetrar
- Frágangur svæða: 200.000 fermetrar
- Víravegrið: 16.0000 metrar
- Lögn stálplöturæsa: 230 metrar

## Verkkaupi

- Vegagerðin
- Orkuveita Reykjavíkur
- Gagnaveitan

## **Tímabil:**

- Ágúst 2013 – nóvember 2015

## **Hönnuðir:**

- Veghönnun: Vegagerðin
- Hönnun ræsa: Verkís

## **Hlutverk ÍSTAKS:**

- Aðalverktaki